



# Uppgjör Landsbankans fyrir árið 2023

Fréttatilkynning 1. febrúar 2024

---

# Fréttatilkynning 1. febrúar 2024

## Uppgjör Landsbankans fyrir árið 2023

- Hagnaður Landsbankans á árinu 2023 nam 33,2 milljörðum króna eftir skatta og arðsemi eiginfjár var 11,6%.
- Bankaráð hyggst leggja til við aðalfund bankans að bankinn greiði 16,6 milljarða króna í arð á árinu 2024.
- Vaxtamunur heimila er 2% og helst stöðugur milli ára.
- Rekstrarkostnaður eykst í takt við verðlag en kostnaðarhlutfall hefur aldrei verið lægra, eða 33,7%.
- Hagnaður á fjórða ársfjórðungi 2023 var 10,8 milljarðar króna og arðsemi eiginfjár var 14,5%.
- Hækkun á hlutabréfum og erlendum skuldabréfum í eigu bankans á árinu nam samtals 15,3 milljörðum króna.
- Fimmta árið í röð var ánægja viðskiptavina á bankamarkaði mest með þjónustu Landsbankans, samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni 2023.
- Græn skuldabréfaútgáfa bankans gekk vonum framár og er græn fjármögnun nú 46,5% af erlendri fjármögnun bankans og 26,6% af heildarlántöku.
- Bankinn gefur í dag út ítarlegar sjálfbærniupplýsingar, þ.m.t. útreikning á kolefnisspori lánasafns bankans en það hefur lækkað um 8% frá viðmiðunarárinu 2019.
- Pillar III áhættuskýrsla fyrir árið 2023 kemur út samhliða birtingu ársuppgjörsins.
- Árs- og sjálfbærnisráðgjafur Landsbankans kemur út 15. febrúar 2024.

Hagnaður Landsbankans á árinu 2023 nam 33,2 milljörðum króna eftir skatta (2022: 17,0 milljarðar króna). Arðsemi eiginfjár var 11,6% á árinu 2023 eftir skatta (2022: 6,3%). Hreinar vaxtatekjur námu 57,6 milljörðum króna árið 2023 (2022: 46,5 milljarðar króna). Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 3,0% á árinu 2023 (2022: 2,7%). Hreinar þjónustutekjur námu 11,2 milljörðum króna árið 2023 (2022: 10,6 milljarðar króna). Aðrar rekstrartekjur voru jákvæðar um 5,1 milljarð króna (2022: neikvæðar um 3,8 milljarða króna). Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði nam 6.719 milljónum króna (2022: 7.963 milljóna króna tap). Virðisbreytingar útlána voru neikvæðar um 3,1 milljarð króna á árinu 2023 (2022: jákvæðar um 2,5 milljarða króna), þar af eru 1.670 milljónir króna safnframlag vegna óvissu um fjárhagslegar afleiðingar náttúruhamfaranna á Reykjanesskaga. Breytinguna á milli ára má helst rekja til vanefnda og áður nefndra náttúruhamfara, auk þess sem árið 2022 var virðisaukning vegna viðsnúnings á safnframlagi eftir að dregið hafði úr efnahagslegri óvissu sem skapaðist af Covid-19.

---

Rekstrartekjur bankans á árinu 2023 námu 73,8 milljörðum króna (2022: 53,3 milljarðar króna).

Rekstrargjöld voru 28,2 milljarðar króna á árinu 2023 (2022: 25,9 milljarðar króna). Þar af voru laun og launatengd gjöld 15,9 milljarðar króna (2022: 14,5 milljarðar króna). Annar rekstrarkostnaður var 10,1 milljarður króna á árinu 2023 (2022: 9,3 milljarður króna).

Hagnaður fyrir skatta á árinu 2023 var 45,6 milljarðar króna (2022: 27,4 milljarðar króna). Reiknaðir skattar, þar með talið skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja og sérstakur fjársýsluskattur á laun, voru 15,5 milljarðar króna árið 2023 (2022: 13,2 milljarðar króna).

Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) á árinu 2023 var 33,7% (2022: 46,8%).

Heildareignir jukust um 173,8 milljarða króna á milli ára og námu í árslok 2023 alls 1.961 milljarði króna. Útlán jukust um 5,6% milli ára, eða um 86,5 milljarða króna. Í árslok 2023 voru innlán frá viðskiptavinum 1.048,5 milljarðar króna (2022: 967,9 milljarðar króna) og höfðu aukist um 80,7 milljarða króna.

Eigið fé í árslok 2023 var 303,8 milljarðar króna (2022: 279,1 milljarður króna). Á árinu 2023 greiddi Landsbankinn 8,5 milljarða króna í arð til hluthafa. Eiginfjárhlutfall í árslok 2023 var 23,6% (2022: 24,7%). Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir 20,2% heildarkröfu um eiginfjárgrunn Landsbankans.

Bankaráð Landsbankans hyggst leggja til við aðalfund, sem er á dagskrá þann 20. mars 2024, að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur 0,70 krónum á hlut vegna rekstrarársins 2023, samtals 16,6 milljarðar króna. Arðgreiðslan samsvarar 50% af hagnaði samstæðu bankans á árinu 2023. Verði til-lagan samþykkt munu arðgreiðslur Landsbankans á árunum 2013-2024 samtals nema 191,7 milljörðum króna.

## Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Landsbankinn skilaði traustri afkomu á árinu 2023. Bankinn er vel fjármagnaður, kostnaðarhlutfallið er með því lægsta sem gerist í bankajónustu í heiminum og bankinn hefur sterka arðgreiðslugetu. Góð afkoma var af öllum þáttum starfseminnar og arðsemi eiginfjár var 11,6% sem er umfram langtíma arð-semismarkmið bankans. Hærrí ávöxtun á lausafé, viðsnúningur á hlutabréfamörkuðum, útlánaaukning og breytt samsetning efnahags eru meginskýringarnar á auknum hagnaði frá fyrra ári. Það er ánægju-legt að sjá að þrátt fyrir hátt vaxtastig á landinu helst vaxtamunur heimila stöðugur.

Traustur rekstur til margra ára og kröftug stefna sem snýst um að einfalda viðskiptavinum lífið hefur breytt bankanum. Við erum einstaklega stolt af því að fimmta árið í röð var Landsbankinn efstur á bankamarkaði í Íslensku ánægjuvuginni. Viðskiptavinum hélt áfram að fjölga og mælist markaðshlut-deild bankans á einstaklingsmarkaði nú 40,5%, hærrí en nokkru sinni fyrir.

Mikil ánægja er með Landsbankaappið og aðrar stafrænar lausnir. Viðskiptavinir kunna líka vel að meta að hjá okkur getur þú fengið ráðgjöf og aðstoð í 35 útibúum og afgreiðslum um allt land, auk þess að hafa aðgang að einstaklega öflugum Þjónustuveri. Við höfum gert starfsfólki í útibúum um allt land kleift að veita ráðgjöf og þjónustu í gegnum síma, tölvupóst og á fjarfundum, óháð búsetu viðskiptavina. Með þessu styrkjum við starfsemina um allt land, jöfnum álag og aukum þjónustuna en sem dæmi má nefna að á árinu 2023 sáu útibú á landsbyggðinni um rúmlega 80% af allri ráðgjöf sem var veitt á fjarfundum og 70% af ráðgjöf sem var veitt í gegnum síma.

Landsbankinn hefur stutt vel við Grindvíkinga í þeirri óvissu sem ríkir vegna áframhaldandi jarð-hræringa og eldgosahættu. Það sýndi sig hversu gott er að hafa traust net af frábærum ráðgjöfum þegar bankinn hafði samband við alla viðskiptavini sína í Grindavík sem voru með íbúðalán og aðstoðaði þá við að nýta sér úrræði um greiðsluskjól og niðurfellingu vaxta og verðbóta.

Bankinn er sterkur á fyrirtækjamarkaði og leiðandi á mörgum sviðum, m.a. sjávarútvegi og á bygg-ingarmarkaði. Nú eru um 3.600 íbúðir í byggingu sem eru fjármagnaðar af bankanum en samkvæmt okkar mati samsvarar það um helmingi af öllum yfirstandandi byggingarframkvæmdum. Árið var mjög gott hjá fyrirtækjaráðgjöf bankans og færsluhirðing Landsbankans hefur fengið frábærar viðtökur síðan



---

þjónustunni var hleypt af stokkunum árið 2022. Við munum áfram leggja áherslu á að auka þjónustuframboð bankans og fjölga tekjustofnum.

Bankinn er leiðandi í að opna bankakerfið í samræmi við PSD2-löggjöfina sem ætlað er að stuðla að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði. Viðskiptavinir njóta þessa tæknilega forskots meðal annars með því að í Landsbankaappinu er nú hægt að framkvæma aðgerðir sem eru hvergi í boði annars staðar. Þróunin heldur áfram og fljótlega munum við kynna nýjungar sem munu gera lántöku og endurfjármögnun íbúðalána enn einfaldari.

Vel heppnuð skuldabréfaútgáfa bankans á árinu sýnir að bankinn nýtur mikils trausts á erlendum og innlendum fjármálamörkuðum. Nýjasta græna skuldabréfaútgáfa bankans, þar sem eftirspurn var fimmföld, heppnaðist einstaklega vel og er nú hátt í 50% af erlendri fjármögnun bankans græn.

Óvissa í efnahagslífinu hefur síst minnkað á síðustu mánuðum. Öll finnum við fyrir áhrifum af þrálátri verðbólgu og háum vöxtum, sem einnig þyngja róður fyrirtækja í auknum mæli. Í því ljósi er ánægjulegt að sjá að auknar kröfur til fjármálafyrirtækja hafa ekki leitt til aukins kostnaðar við bankaþjónustu. Þvert á móti er margra ára vinna við að einfalda og gera starfsemi bankans skilvirkari að skila bankanum einu lægsta kostnaðarhlutfalli sem sést í bankarekstri í heiminum. Þetta hefur meðal annars stuðlað að því að vaxtamunur heimila hefur lækkað. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að vaxandi efnahagsreikningur gerir bankanum kleift að veita stærstu fyrirtækjum landsins samkeppnishæf kjör og þjónustu. Þannig styðjum við kröftugt efnahagslíf á Íslandi og áframhaldandi verðmætasköpun sem er undirstaða lífskjara hér á landi. Landsbankinn er traustur banki fyrir farsæla framtíð og ætlar að vera áfram í fararbroddi í bankaþjónustu á Íslandi.“

## Helstu atriði úr rekstri á fjórða ársfjórðungi (4F) 2023

- Hagnaður á 4F 2023 nam 10,8 milljörðum króna samanborið við hagnað upp á 5,7 milljarða króna á sama ársfjórðungi árið 2022.
- Arðsemi eiginfjár eftir skatta var 14,5% á 4F 2023, samanborið við 8,2% arðsemi á sama ársfjórðungi árið á undan.
- Hreinar vaxtatekjur á ársfjórðungnum voru 14,8 milljarðar króna en þær námu 12,9 milljörðum króna á 4F 2022.
- Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 1,3 milljarða króna á 4F 2023 en var neikvæð um 0,2 milljarð króna á 4F 2022.
- Hreinar þjónustutekjur námu 3,1 milljarði króna en voru 2,7 milljarðar króna á 4F 2022.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna var 3,0% á 4F 2023 en var 2,9% á 4F 2022.
- Laun og launatengd gjöld á 4F 2023 námu 4,3 milljörðum króna samanborið við 4,0 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2022.
- Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og launatengdum gjöldum nam 3,0 milljörðum króna á 4F 2023 samanborið við 2,6 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2022.
- Kostnaðarhlutfall (K/T) á fjórða ársfjórðungi 2023 var 31,6% samanborið við 42,0% á sama ársfjórðungi árið á undan.

---

## Helstu atriði úr rekstri og efnahag árið 2023

### Rekstur:

- Hagnaður á árinu 2023 nam 33,2 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 17,0 milljarða króna á árinu 2022.
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 11,6% samanborið við 6,3% arðsemi árið áður.
- Hreinar vaxtatekjur námu 57,6 milljörðum króna á árinu 2023 samanborið við 46,5 milljarða króna á árinu 2022.
- Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna var 3,0% árið 2023 samanborið við 2,7% árið 2022.
- Hreinar þjónustutekjur námu 11,2 milljörðum króna á árinu 2023 samanborið við 10,6 milljarða króna á árinu 2022.
- Aðrar rekstrartekjur voru jákvæðar um 5,1 milljarð króna en voru neikvæðar um 3,8 milljarða króna árið 2022. Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 3,1 milljarð króna árið 2023 samanborið við jákvæða virðisbreytingu upp á 2,5 milljarða króna árið 2022.
- Laun og launatengd gjöld námu 15,9 milljörðum króna á árinu 2023, samanborið við 14,5 milljarða króna árið áður.
- Rekstrarkostnaður að frátöldum launum og tengdum gjöldum nam 12,4 milljörðum króna samanborið við 11,4 milljarða króna árið 2022.
- Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) var 33,7% árið 2023 samanborið við 46,8% árið 2022.
- Tekjuskattur á árinu 2023 nam 12,4 milljörðum króna samanborið við 10,4 milljarða króna á árinu 2022.
- Meðalstöðugildi ársins voru 849 en voru 843 árið 2022. Stöðugildi í árslok 2023 voru 817.

### Efnahagur:

- Eigið fé í árslok 2023 var 303,8 milljarðar króna, sem er 24,7 milljörðum krónum hærra en í árslok 2022.
- Á árinu 2023 greiddi Landsbankinn 8,5 milljarða króna í arð til hluthafa.
- Eiginfjárlutfall bankans (e. total capital ratio) í lok árs 2023 var 23,6% en var 24,7% í lok árs 2022. Það er verulega umfram 20,2% eiginfjárkröfu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- Heildareignir bankans námu 1.961 milljarði króna í lok árs 2023 og hækkuðu um 9,7% á milli ára.
- Útlán jukust um 5,6% á milli ára, eða um 86,5 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 29 milljarða króna og útlán til fyrirtækja jukust um 63 milljarða króna, en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 5,5 milljarð króna er heildaraukning um 58 milljarða króna.
- Innlán viðskiptavina jukust um 8,3% á árinu 2023, eða um 80,7 milljarða króna. Innlán frá fjármálafyrirtækjum námu 30,0 milljörðum í árslok 2023.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjánhættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárlutfall bankans (e. liquidity coverage ratio) var 181% í lok árs 2023 samanborið við 134% í lok árs 2022.
- Á árinu 2023 hækkaði liðurinn eignir til sölu um 353 milljónir króna.
- Heildarvanskil fyrirtækja og heimila voru 0,3% af útlánnum í árslok 2023 samanborið við 0,2% í árslok 2022.

	2023	2022	4F 2023	4F 2022
Fjárhæðir í milljónum króna				
Hagnaður eftir skatta	33.167	16.997	10.784	5.677
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	11,6%	6,3%	14,5%	8,2%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,0%	2,7%	3,0%	2,9%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) *	33,7%	46,8%	31,6%	42%
	<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022</b>		
Heildareignir	1.960.776	1.787.024		
Útlán til viðskiptavina	1.630.894	1.544.360		
Innlán frá viðskiptavinum	1.048.537	967.863		
Eigið fé	303.754	279.091		
Eiginfjárlutfall alls	23,6%	24,7%		
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	145%	132%		
Heildarlausafjárþekja	181%	134%		
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR (LCR FX til og með 2022)	1.499%	351%		
Vanskilahlutfall (>90 daga)	0,3%	0,2%		
Meðalstöðugildi ársins:	849	843		
Stöðugildi í lok árs:	817	813		

\* K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

## Aðrir þættir í rekstri bankans á árinu 2023

- Landsbankinn mældist efstur banka í Íslensku ánægjuvuginni hjá viðskiptavinum í bankaþjónustu árið 2023, fimmta árið í röð.
- Markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði mældist 40,5% í árslok 2023, samkvæmt gögnum bankans, og hefur aldrei verið hærri. Einstaklingum í virkum viðskiptum við bankann fjölgaði um 5.500 á árinu. Bankinn hefur verið með mestu markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði í 10 ár samfleytt.
- Lánshæfishorfum var breytt úr stöðugum í jákvæðar og lánshæfismat sértryggðra skuldabréfa hækkað úr A í A+.
- Um 150.000 manns notuðu Landsbankaappið á árinu 2023 og fjölgaði notendum um 35,6% á milli ára.
- Árið 2023 notuðu viðskiptavinir Landsbankans 608 milljónir Aukakróna hjá yfir 200 samstarfsaðilum og er það nýtt met.
- Fyrirtækjum í viðskiptum fjölgaði um 18% á milli ára og hafa aldrei fleiri ný fyrirtæki komið í viðskipti.
- Á árinu greiddi Landsbankinn 8,5 milljarða króna í arð til eigenda.

- 
- Á árinu fengum við m.a. fjármögnun frá Norræna fjárfestingarbankanum samtals að fjárhæð 115 milljónir Bandaríkjadala. Við seldum evrópsk sértryggð skuldabréf í úrvalsflokki að fjárhæð 300 milljónir evra og gáfum út græn skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra til 3,5 ára og var um að ræða þriðju grænu skuldabréfaútgáfu bankans í evrum. Við gáfum einnig út víkjandi skuldabréf fyrir 12 milljarða króna.
  - Meðal nýrra tæknilausna sem við kynntum á árinu var að nú er mögulegt að tengjast öðrum bönkum og millifæra af reikningum þar í gegnum Landsbankaappið. Við jukum öryggi við innskráningu og greiðslur á netinu og gerðum einstaklega einfalt að stilla sameiginlega sýn á reikninga og kortaupplýsingar. Undir lok árs buðum við upp á rafræna þinglýsingu á trygginga-bréfum en það mun vera í fyrsta sinn á Íslandi.
  - Í UFS-áhættumati Sustainalytics, sem tekur til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttá, var bankinn talinn í hverfandi áhættu á að verða fyrir fjárhagslegum áhrifum tengdum UFS-þáttum. Bankinn fékk 8,5 í einkunn og er í efsta 1% af svæðisbundnum bönkum í Evrópu sem Sustainalytics metur. Í nýjasta UFS-mati Reitunar fékk bankinn framúrskarandi einkunn og er í flokki A3.
  - Við vörðum 167 milljónum króna í ýmis konar styrki og samstarf, s.s. við Skólahreysti, KSÍ, Hönnunarmars, Gleðigönguna, Menningarnótt og Íþróttá- og góðgerðarfélag um allt land. Við styrktum framúrskarandi námsmenn og veittum sjálfbærni- og samfélagsstyrki.
  - Fyrirtækjaráðgjöf kom að mörgum vel heppnuðum verkefnum, m.a. ráðgjöf við sölu á hluta-bréfum í Alvotech, flutning Amaroq yfir á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og hlutafjárútkningu land-eldisfyrirtækisins First Water.
  - Við hleyptum færsluhirðingarþjónustu af stokkunum og hefur þessi nýjung í starfsemi bankans mælst mjög vel fyrir.
  - Við héldum fjölda fræðslufunda um fjármál og netöryggi og birtum fræðsluefni á vefnum okkar og samfélagsmiðlum.
  - Við fluttum starfsemi bankans úr 14 húsum í Kvosinni og Borgartúni yfir í nýtt hús við Reykj- astræti 6. Við lokuðum útibúinu í Austurstræti 11, þar sem bankinn tók fyrst til starfa árið 1898. Við lokuðum einnig útibúinu við Hagatorg í Reykjavík en opnuðum nýtt útibú í Reykjastræti 6 og í fyrsta sinn er bankinn nú með afgreiðslu á Blönduósi.
  - Á árinu styttum við afgreiðslutímann í átta útibúum og var það liður í að bregðast við færri heimsóknum í útibú. Samhliða þeirri þróun höfum við lagt mikla áherslu á að gefa starfsfólki um allt land betri tækifæri til að veita þjónustu óháð eigin búsetu og búsetu viðskiptavina, á fjarfundum, í gegnum síma og í tölvupósti.

## Fjárhagsdagatal Landsbankans

- Aðalfundur 20. mars 2024
- Uppgjör 1F 2024 2. maí 2024
- Uppgjör 2F 2024 18. júlí 2024
- Uppgjör 3F 2024 23. október 2024
- Ársuppgjör 2024 6. febrúar 2025